

63 Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, 17. apríl til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnuáráðuneytið, 17. apríl 1957.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

64 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð séra Magnúsar 23. apríl Jónssonar og Vilborgar Sigurðardóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. apríl 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð séra Magnús Jónssonar og Vilborgar Sigurðardóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður séra Magnúsar Jónssonar og Vilborgar Sigurðardóttur, og er stofnaður af dóttur þeirra, Ingibjörgu Magnúsdóttur prestsekkju, til minningar um foreldra hennar, séra Magnús Jónsson prest í Laufási við Eyja-fjörð og konu hans, Vilborgu Sigurðardóttur, sérstaklega til að tengja minningu þeirra við bindindisstarfsemi Magnúsar Jónssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —. Tekjur sjóðsins eru auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheit, sem honum kunna að berast.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera eign áfengisvarnafélagsins Bláa-Bandið í Reykjavík og fer stjórn þess félags jafnframt með stjórn sjóðsins, með þeim takmörkunum sem í 6. gr. segir.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja bindindis- og hjálparstarf það, sem áfengisvarnafélagið Bláa-Bandið í Reykjavík hefur með höndum.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Útvegsbanka Íslands og skulu vextir allir leggjast við höfuðstól, svo og gjafir og áheit, sem sjóðnum berast, unz hann er orðinn kr. 25000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur —. Þegar sjóðseignin nemur þeirri fjárhæð eða meiru, er stjórn sjóðsins heimilt að verja $\frac{4}{5}$ hlutum innstæðunnar í þágu starfsemi Bláa-Bandsins, svo sem hún ákveður hverju sinni.

Höfuðstóll sjóðsins má aldrei verða lægri en 5000 krónur, og skal hann jafnan, eftir hverja fjárveitingu aukinn með sama hætti og í 2. gr. segir, þar til hann er aftur orðinn 25 þúsund krónur, og má þá veita fé úr honum á ný.

6. gr.

Meðan eitthvert af börnum gefandans er á lífi, skal það þeirra, er þau sjálf ákveða, eiga sæti í stjórn sjóðsins og hafa atkvæðisrétt og tillögurétt um fjár-

veitingar úr sjóðnum, svo og rétt og skyldu til að fylgjast með því, að fyrirmælum skipulagsskrárinnar sé fylgt í öllum greinum.

64
23. apríl

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Bláa-Bandsins.

Ef Bláa-Bandið hættir störfum skal stjórn þess afhenda yferráð sjóðsins stofnun eða félagi, sem vinnur að björgunarstarfi meðal drykkjufólks eða annarri bindindisstarfsemi.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 5. okt. 1956.

Ingibjörg Magnúsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur og Jóns Þorsteinssonar, foreldra Ísaks Jónssonar, skólastjóra, er kemur í stað áður staðfestrar skipulagsskrár, dags. 30. des. 1943: „Vöggustofusjóður Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur, ljósmóður frá Seljamýri í Loðmundarfirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. apríl 1957. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur og Jóns Þorsteinssonar, foreldra Ísaks Jónssonar, skólastjóra, er kemur í stað áður staðfestrar skipulagsskrár, dags. 30. des. 1943: Vöggustofusjóður Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur, ljósmóður frá Seljamýri í Loðmundarfirði.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Sigrúnu Sigurjónsdóttur og Ísak Jónsýni, skólastjóra í Reykjavík, til minningar um foreldra hans.

2. gr.

Upprunalegt stofnfé sjóðsins 1943 var kr. 5 000.00, en hefur síðar aukizt með gjöfum og vöxtum upp í kr. 32 000.00, þrjátíu og tvö þúsund krónur, og er gert ráð fyrir, að hann aukist áfram á sama hátt.

3. gr.

Markmið sjóðsins er nú aðeins að styrkja skóla Ísaks Jónssonar í Reykjavík, fyrst og fremst með því að kaupa árlega kennsluáhöld og tæki, einkum tæki er snerta náttúrufræðileg efni, og einnig að veita fátækum börnum styrk til dvalar í skólanum, eftir því sem stjórn sjóðsins telur mögulegt eftir að fyrsta tilgangi sjóðsins er náð að dómi stjórnar sjóðsins.

4. gr.

Sjóðinn skal jafnan ávaxta í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands eða öðrum ríkistryggðum verðbréfum, en umframfé skal ávaxtast í sparisjóði Landsbankans. Verðbréf sjóðsins skulu skráð á nafn hans.